



Samkomulag um styrk/verkefni

1. Styrkveitandi

Nafn: Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Heimili: Skógarbraut 945, 235 Reykjanesbær
Kennitala: 640479-0279

Tengiliður styrkveitanda: Berglind Kristinsdóttir Björk Guðjónsdóttir	Netfang: berglind@sss.is Sími: 420-3290 Netfang: bjork@heklan.is
---	--

2. Styrkþegi/Samningsaðili

Styrkþegi/Samningsaðili: Íslenski Sjávarklasinn Grandagarði 16 101 Reykjavík Kt. 490112-1890	Framkvæmdaaðili/Starfsmenn: Þór Sigfússon Davið Freyr Jónsson Kristinn Jón Ólafsson Arnar Jónsson (arnar@sjavarklasinn.is)
--	--

3. Verkefni

Heiti verkefnis

Efling fullvinnslu á sjávarfangi – verkefni 1.2.1.

Stutt lýsing verkefnis : (í samræmi við umsókn/verkáætlun)

Lagt er til að farið verði í það verkefni að koma á klasasamstarfi aðila í sjávarútvegi, sveitarfélaganna á svæðinu, annarra hagsmunaaðila og atvinnuvegaráðuneytis í samstarfi við Íslenska sjávarklasann. Markmiðið er að samstarfinu verði komið á til frambúðar og til að hrinda því af stað verður ráðinn verkefnastjóri í 50% starf. Verkefnastjóri verður m.a. staðsettur í Eldey.

Verkefnalýsing:

Suðurnesja fullvinnsluklasinn er verkefni sem unnið er í samstarfi við 2020 sóknaráætlun Suðurnesja. Kortleggja þarf öll þau fyrirtæki sem gætu átt hlut að máli en það er liður í að auka þekkingu og samstarf fyrirtækja. Tilgangurinn er að fá yfirsýn yfir starfsemina svo hægt sé að koma með tillögur að samstarfi, nýsköpun, rannsóknum og þróun auk þess að benda á tækifæri til betri nýtingar á hráefnum sem skilar sér að endingu í virðisaukningu í greininni. Næsta skref er að hafa samband við þessa aðila og leiða þá saman. Einstaklingsfundir verða haldnir með hagsmunaaðilum samhliða því að undirbúinn verður fundur þar sem allir aðilar koma saman og kynna sín fyrirtæki.

Markmið sóknaráætlunar er að komið verði á fót reglubundnu samstarfi með föstum fundum þessara aðila um eflingu fullvinnslu í sjávarútvegi. Meðal aðila sem má skoða að hafa samband við varðandi fullvinnsluklasastarf má nefna Prótein ehf. í Garði, Royal Iceland (Kavíar), Ice Group, Ice West í Grindavík, iCan í Sandgerði, prótínvinnsla Þorbjarnar, Optimal í Grindavík, ensímvinnsla Norðurs, kollagenvinnsla Codlands og lýsisframleiðsla Codlands ásamt öðrum í skyldri vinnslu. Einnig

mætti taka til skoðnar á fá með á fundi aðila eins og Bláa lónið, Orf líftækni, Alkemistann, Haustak, Háteig, Hafnot og Hofholt. Þ.e. ýmsa aðila í þörungavinnslu og áhugasama aðila um nýtingu vannýtttra auðlinda eins og botndýr.

Tilgangur verkefnisins er að leiða saman aðila sem hafa áhuga og getu til að vinna saman m.a. að markvissri nýtingu íslenskra sjávarafurða og samhliða því byggja upp samstarfsverkefni (klasa innan íslenska sjávarklasans) um virðiskeðjuna, veiðar, vinnslu, sölu, o.fl..

Íslenski sjávarklasinn mun leggja til þekkingu og reynslu við uppsetningu á tengslaneti og hópasamstarfi. Verkefnisstjóri á vegum Íslenska sjávarklasans mun takast á við verkefnið með aðferðum klasahugmyndafræðinnar.

Markmið verkefnis (í samræmi við umsókn/verkáætlun)

Markmiðið klasamyndunarinnar er virðisaukning, sem lýsir sér m.a. í:

- auknum útflutningstekjum
- fyrirmynd í uppsetningu og framkvæmd klasaverkefna
- bættri nýtingu báta og vinnsla
- fjölbærari sjávarútvegi og vinnslu sjávarafurða
- fjölgun starfa og hæfari og reynslumeiri einstaklinga
- hagnýtum nemendaverkefnum á háskólastigi

Árangursmat/ mælikvarðar (í samræmi við umsókn/verkáætlun)

Fundur verður haldinn í byrjun september.

Skýrslu verður skilað um miðjan september.

Afurðir verkefni skv. umsókn/ verkáætlun og áætluð niðurstaða (þ.m.t. áætluð staða verkefnis í september sem er forsenda annarar greiðslu)

Eftirfarandi listi gefur hugmynd um þá vinnu sem er framundan. Þessir verkþættir eru hins vegar aðeins til viðmiðunar og gætu tekið breytingum meðan verkefnið er unnið.

1. **Mótun tengslanets:** Skilgreining verkefnis og fundir með lykilmönnum
2. **Öflun upplýsinga og gagna**
3. **Markaðsgreining, stefnumótun og fundir:** Unnið að hefðbundinni markaðsgreiningu. Tækifæri greind og stefna mótuð.
4. **Undirbúningur á opnum tengslafundi**
5. **Varða: Opinn fundur**
6. **Gerð skýrslu**
7. **Varða: Skýrsluskil Samantekt um þá vinnu sem náðst hefur.**
8. **Reglulegir fundir**

	Juní	Júlí	Ágúst	Septembar	Oktober	Novembar	Desembar
Mótun tengslanets	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Öflun upplýsinga og gagna	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Markaðsgreining, stefnumótun og fundir	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Undirbúningur opinn tengslafundur	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Varða: Opinn fundur fullvinnsluábyrgðar	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Gerð skýrslu	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Varða: Skýrsluskil	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19
Reglulegir fundir komast á?	1-7	8-14	15-21	22-28	29-5	6-12	13-19

Nánari verklýsing:

Mótun tengslanets: Hitta viðeigandi aðila og fá upplýsingar um hvað er verið að gera. Sameina þau fyrirtæki og stofnanir sem geta og vilja styðja við framgang verkefnisins.

Undirbúningur: Undirbúa fund og halda opinn fund.

Framvinda: Tengslum haldið á lofti. Unnið með hugmyndir sem koma upp. Rýni og ákvörðun um áframhald verkefnis.

1.6 Aðstaða:

Aðstaða starfsmanns er fyrst og fremst í Eldey, húsnæði Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja. Einnig býðst þó aðstaða í Húsi sjávarklasans úti á Granda ásamt í auðlindasetri Codlands í Grindavík.

Í Eldey, sem er eitt stærsta og glæsilegasta frumkvöðlasetur landsins, mun starfsmaður hafa aðgang að einni bestu mögulegu aðstöðu fyrir frumkvöðla. Húsnæðið er í heild 3000 fm og skiptist í kennslu- og fyrirlestrarrými, fundaraðstöðu og skrifstofuaðstöðu.

1.7 Skipulag og annað:

Ætlast er til að starfsmaður útvegi sér sjálfur fartölvu og bifreið. Allur ferðakostnaður verður hins vegar greiddur samkvæmt nánara samkomulagi.

Upphafsdagur verkefnis:
Júní 2013

Lokadagur verkefnis:
Desember 2013

4. Styrkur

Heildarkostnaður verkefnis:

Kr.10.000.000,-
Framlag úr Sóknaráætlun landshluta
Kr. 2.600.000,- (hlutfall að launakostnaði verkefnastjóra).
Kr. 2.400.000,- (aðkeypt þjónusta, háð skriflegu samþykki styrkveitanda, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum)

Innleggsreikningur styrkþega:

Greiðslur verða lagðar inn á reikning verkefnisins, sem er eftirfarandi:

513-26-8883 (Íslenski sjávarklasinn, kt 490112-1890)

5. Skilmálar

Almennir skilmálar

Greiðslur á vegum sóknaráætlana landshluta eru háðar framvindu. Fullnægjandi skil upplýsinga um

framvindu verkefna er forsenda þess að greiðsluskylda myndast til viðkomandi verkefnis. Meta skal árangur hvers verkefnis m.t.t. upphaflegrar verkefnislýsingar og verkáætlunar. Forsenda lokagreiðslu er að fyrir liggi lokaskýrsla þar sem fram kemur fjárhagslegt uppgjör og árangur verkefnis.

6. Notkun styrks

Styrkþegi ábyrgist að styrkurinn verði eingöngu notaður í það verkefni sem hann er veittur til og í samræmi við þá skilmála sem settir eru fyrir veitingu hans í þessu samkomulagi.

Ráðstafi styrkþegi styrknum, eða hluta hans, í annað verkefni en styrkurinn er veittur til eða fari notkun styrksins að einhverju leyti í bága við þá skilmála sem hér eru settir þá er styrkveitanda heimilt að rifta fyrirvaralaust samkomulaginu, stöðva frekari greiðslur á styrkfé og krefja styrkþega um endurgreiðslu á því styrkfé sem hann hefur þegar fengið greitt, í heild eða að hluta.

Sama gildir ef styrkþegi vinnur ekki verkefnið eða ef styrkveitandi fær ekki eða samþykkir ekki þau gögn sem styrkþegi á að afhenda meðan á verkinu stendur og við lok þess.

7. Greiðsla styrks

Greiðsla framlags til verkefnisins er ávallt háð framvindu. Greiðsluskylda myndast því þegar staðfest hefur verið að framvinda verkefnis sé samkvæmt áætlun. Skil styrkþega á upplýsingum um framvindu og staðfesting landshlutasamtaka á að verkefni sé á áætlun er forsenda greiðslu. Greiðsla styrks skal miðast við eftirfarandi:

- Við undirritun verkefnasamnings greiðast 40% styrkfjárhæðar enda komi fram lýsing og áætlun verkefnis.
- Þann 10. október 2013 greiðast 30% enda hefur áfangaskýrsla verkefnisins frá 15. september verið staðfest og framvinda fullnægjandi. Seinki framkvæmd verkefnis seinkar greiðslu samkvæmt því.
- Lokagreiðsla 30% greiðist þegar lokaskýrsla ásamt staðfestu fjárhagsuppgjöri hefur borist landshlutasamtökunum og að fyrir liggi staðfesting á að styrkþegi hafi uppfyllt skilmála styrksins.

Greidd styrkfjárhæð skal aldrei vera hærri en heildarkostnaður við verkefnið.

8. Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun

Styrkþega er skylt að upplýsa styrkveitanda tafarlaust um atvik sem valda töfum á verklokum eða hamlu því að hægt sé að ná markmiðum verkefnisins eða valda því að styrkþegi getur ekki uppfyllt þá skilmála sem fram koma í samkomulagi þessu.

Styrkþegi skilar styrkveitanda áfangaskýrslu um framgang verkefnisins 1. september 2013 sem lögð verður til grundvallar ákvörðun um útgreiðslu 2. greiðslu til verkefnisins

Styrkþegi skal veita styrkveitanda upplýsingar, hvenær sem styrkveitandi óskar þess, um framvindu og stöðu verkefnisins og hvað annað sem framkvæmd þess við kemur.

Styrkþegi skal skila lokaskýrslu og fjárhagslegu uppgjöri á verkefninu og senda styrkveitanda innan tveggja mánaða frá þeim verklokadegi sem skilgreindur er í þessu samkomulagi.

Fjárhagslegt uppgjör verkefnis skal vera undirritað af styrkþega sem með undirskrift sinni ábyrgist að varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk óski Ríkisendurskoðun eftir því að skoða þau.

Ef styrkþegi sinnir ekki upplýsingaskyldu sinni eða gerir ekki viðunandi lokaskýrslu og lokauppgjör þá getur styrkveitandi rift samkomulaginu og krafist endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta eða öllu leyti.

Styrkþegi ber ábyrgð á að skila skattyfirvöldum fjárhagsuppgjöri og að öll gögn sem uppgjör byggir á séu varðveitt í a.m.k. fimm ár. Um eftirlit Ríkisendurskoðunar gilda lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.


9. Niðurstöður verkefnis


Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af Sóknaráætlun landshlutans.

10. Vanefndir og ágreiningsmál

Mál sem rísa kunna vegna brota á samkomulagi þessu eða vegna ágreinings um túlkun þess skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Hvorugir aðilar verða krafðir um bætur vegna samnings þessa ef óviðráðanleg atvik sem ekki eru sök samningsaðila eða í þeirra valdi að ráða, koma í veg fyrir efndir samningsins.

Reykjanesbær 25.06.2013,


E.h. Landshlutasamtaka


E. h. styrkþega